

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Ingibjörgu Þórðardóttur um húshitun.

1. Hver hefur árlegur og endanlegur húshitunarkostnaður verið, frá árinu 2011 á verðlagi ársins 2018, fyrir 180 fermetra einbýlishús á eftirtöldum orkuveitusvæðum:
 - a. RARIK – þéttbýli,
 - b. RARIK – dreifbýli,
 - c. Orkubú Vestfjarða – þéttbýli,
 - d. Orkubú Vestfjarða – dreifbýli,
 - e. Reykjavík,
 - f. Akureyri,
 - g. Egilsstöðum,
 - h. Selfossi,
 - i. Ísafirði,
 - j. Seyðisfirði,
 - k. Vestmannaeyjum?

Meðfylgjandi upplýsingar byggjast á gögnum frá Orkustofnun sem fer með framkvæmd niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 78/2002. Við útreikninga á endanlegum kostnaði var notast við þau verð sem voru í gildi 1. apríl ár hvert. Dreifbýlisframlag ríkisins fyrir raforku í dreifbýli breytist árlega á þeim tímapunkti og dreifiveiturnar breyta í kjölfarið gjaldskrár sínar.

Þegar kemur að því að reikna orkuverð hjá hitaveitum og kyntum hitaveitum skiptir máli það hitastig sem notandi fær inn til sín og skilar út frá sér eftir notkun. Hver gráða sem nýtist lækkar orkuverð um u.þ.b. 2%. Misjafnt er hversu vel hitaveitur halda utan um þessar upplýsingar og láta margar hverjar nægja að mæla hitastig vatnsins við dælustöð. Því er hitastig vatnsins óljóst þegar það kemur loks til notanda og einnig þegar hann skilar því frá sér. Í sumum tilfellum þarf því að notast við áætlaðar tölur.

Nánar er vísað til eftirfarandi taflna um þróun árlegs heildarkostnaðar og orkuverðs frá 2011.

Tafla 1. Árlegur heildarkostnaður 180 m² íbúðarhúsnæðis vegna húshitunar samkvæmt verðlagi í október 2018. Tölur eru í íslenskum krónum, án allra skatta.

	Orkuveitusvæði	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
a.	RARIK – þéttbýli	262.056	260.907	244.352	241.106	235.109	206.899	214.484	218.137
b.	RARIK – dreifbýli	286.353	293.674	272.190	255.844	240.698	206.899	214.484	218.137
c.	OV – þéttbýli	251.643	252.251	241.299	237.704	222.814	198.095	205.127	207.582
d.	OV – dreifbýli	287.221	286.874	270.572	249.797	227.657	198.095	205.127	207.582
e.	Reykjavík	110.670	118.229	118.267	118.975	118.371	118.350	118.571	118.598
f.	Akureyri	104.313	101.514	99.838	95.858	97.464	102.249	101.018	102.139
g.	Egilsstaðir	91.586	91.586	93.060	93.060	93.060	93.060	93.811	93.811
h.	Selfoss	80.178	85.659	85.672	85.672	87.834	87.834	101.903	102.367
i.	Ísafjörður	224.427	240.469	232.550	224.811	208.238	189.648	186.045	200.562
j.	Seyðisfjörður	232.284	245.963	242.756	241.552	229.794	194.003	194.003	190.236
k.	Vestmannaeyjar	163.720	145.396	150.763	151.655	176.829	149.672	152.735	149.512

Tafla 2. Orkuverð fyrir 180 m² íbúðarhúsnæði samkvæmt verðlagi í október 2018. Tölur eru í kr./kWst., án allra skatta.

	Orkuveitusvæði	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
a.	RARIK – þéttbýli	7,57	7,53	7,06	6,96	6,79	5,97	6,19	6,30
b.	RARIK – dreifbýli	8,27	8,48	7,86	7,39	6,95	5,97	6,19	6,30
c.	OV – þéttbýli	7,27	7,28	6,97	6,86	6,43	5,72	5,92	5,99
d.	OV – dreifbýli	8,29	8,28	7,81	7,21	6,57	5,72	5,92	5,99
e.	Reykjavík	3,20	3,41	3,41	3,44	3,42	3,42	3,42	3,42
f.	Akureyri	3,01	2,93	2,88	2,77	2,81	2,95	2,92	2,95
g.	Egilsstaðir	2,64	2,64	2,69	2,69	2,69	2,69	2,71	2,71
h.	Selfoss	2,32	2,47	2,47	2,47	2,54	2,54	2,94	2,96
i.	Ísafjörður	6,48	6,94	6,71	6,49	6,01	5,48	5,37	5,79
j.	Seyðisfjörður	6,71	7,10	7,01	6,97	6,64	5,60	5,60	5,49
k.	Vestmannaeyjar	4,73	4,20	4,35	4,38	5,11	4,32	4,41	4,32

Hinn 1. apríl 2016 tók gildi breyting á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunar-kostnaðar, þar sem í fyrsta sinn var niðurgreitt að fullu dreifing og flutningur á raforku til húshitunar, innan þeirra takmarkana sem í gildi voru. Þessi breyting skýrir þá lækkun sem varð á milli áronna 2015 og 2016.

2. Hversu stór hluti landsmanna er á dreifisvæðum þar sem notast er við rafhitun eða kyntar hitaveitur?

Ekki eru til staðfest gögn með þessum upplýsingum. Ef horft er til lögheimilisskráningar á þeim dreifiveitusvæðum þar sem notast er við rafhitun eða kyntar hitaveitur má áætla að u.þ.b. 32.500 einstaklingar (9,2% þjóðarinnar) séu búsettir þar. Miðað við þróun síðustu ára fer þessi tala lækkandi á komandi árum. Nokkrar hitaveitur hafa sett fram áætlanir og óskað eftir stofnstyrkjum til þess að stækka dreifikerfi sitt til þess að ná til fleiri notenda. Einnig eru uppi áform um að á næstu árum verði komnar í gagnið nýjar hitaveitur, t.d. á Höfn í Hornafirði, Tálknafirði og Hólmavík. Stofnun nýrrar hitaveitu er oft að stórum hluta háð því hvenær hún getur fengið greiddan stofnstyrk og hvort hún uppfyllir skilyrði laga nr. 78/2002 þess efnis.

3. *Hversu mikið mundi það kosta ríkissjóð að niðurgreiða rafhitun til íbúðarhúsnæðis á þeim svæðum þar sem notast er við rafhitun eða kyntar hitaveitur til þess að kostnaður notenda við húshitun yrði sambærilegur við veginn meðalkostnað af húshitun á veituvæði Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða og Selfoss?*

Raforkuverð skiptist í tvo hluta: dreifingu og flutning, og svo orkusölu. Um dreifingu og flutning fer samkvæmt sérleyfum til starfseminnar á viðkomandi svæði. Vegna þessa fyrirkomulags kemur ríkið að því að niðurgreiða þann kostnað notenda á raforkuverði til húshitunar. Hinn hlutinn, orkusalan, er á samkeppnismarkaði og lögum samkvæmt hefur ríkið enga heimild til þess að koma að málum þar. Niðurgreiðslur til rafhitunar á svæðum með kyntum hitaveitum eru reiknaðar þannig að það verð sem notendur greiða sé sambærilegt og dýrasta hitaveituverðið. Hér er átt við vegið meðalverð kyntu hitaveitnanna.

Til þess að fá einhverja sýn á það hversu mikið það myndi kosta ríkissjóð að niðurgreiða rafhitun til íbúðarhúsnæðis á svæðum þar sem notast er við beina rafhitun eða kyntar hitaveitur er hægt að setja dæmið upp með einföldum hætti. Ef horft er á notkun sem af er árinu og áætlað að verði síðustu mánuðina má áætla að það myndi kosta ríkissjóð um 770 millj. kr. aukalega að niðurgreiða rafhitun til íbúðarhúsnæðis svo kostnaður hennar yrði sambærilegur og veginn meðalkostnaður húshitunar í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi á þessu ári.

Benda má á að einnig má líta til annarra leiða til þess að lækka húshitunarkostnað á þeim svæðum þar sem notast er við rafhitun eða kyntar hitaveitur. Þannig má nefna að í níu ár hefur notendum með rafhitun staðið til boða að sækja um eingreiðslu til uppsetningar á varmadælum eða vegna annarra sambærilegra aðgerða. Orkusjóður hefur styrkt slík verkefni og hefur fjármagnið sem verið hefur til ráðstöfunar undanfarin ár ekki annað eftirspurn. Einnig má nefna að stjórnvöld veittu 300 millj. kr. styrk, með sérstakri heimild í fjárlögum, til uppsetningar á miðlægri varmadælu í Vestmannaeyjum sem mun hafa umtalsverð jákvæð efnahagsleg og umhverfisleg áhrif og draga úr rafhitun. Möguleikar á sviði varmadælna hafa almennt verið álitnir hagstæðustu og bestu lausnirnar til að lækka kostnað fyrir bæði einstaklinga og ríkið vegna rafhitunar, og til eflingar á auknu orkuöryggi í landinu.